



NÁTTÚRUMINJASAFN ÍSLANDS
ICELANDIC MUSEUM OF NATURAL HISTORY

Alþingi við Austurvöll
Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8–10
150 Reykjavík

Reykjavík 02.01.2014

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um varðveislu menningararfleifðar á stafrænu formi. 143. löggjafarþing 2013–2014. Þingskjal 244 – 196. mál.

Náttúruminjasafn Íslands þakkar fyrir erindi allsherjar- og menntamálanefndar þar sem óskað er eftir umsögn Náttúruminjasafnsins við tillögu til þingsályktunar um varðveislu menningararfleifðar á stafrænu formi, 196. mál.

Löngu tímabært er að hið opinbera marki skýra, heildstæða og metnaðarfulla stefnu og verkáætlun um varðveislu íslenskrar menningararfleifðar á stafrænu sniði. Vinna við verkið hefur til þessa verið að mestu leyti á hendi einstakra aðila og stofnana en brýn þörf er á samræmingu og framtíðarsýn. Auk tæknilegra atriða sem varða stafræna varðveislu er lykilatriði að í verkefninu verði vandlega hugað að aðgengi almennings að upplýsingunum – tryggasta leiðin að varðveislu menningararfleifðarinnar er opið og gott aðgengi að upplýsingunum, ella er hætt við skertri miðlun þekkingar milli kynslóða og að menningarlegt tjón hljótist af.

Náttúruminjasafn Íslands vinnur lögum samkvæmt að skráningu og varðveislu á náttúrufræðilegum gögnum á stafrænu sniði og miðlun upplýsinga á veraldarvefnum. Um er að ræða gögn og upplýsingar sem taka m.a. til einstakra náttúrumuna, gagnasafna, ritaðra heimilda (bækur, tímarit, stakar vísindagreinar) og ljósmynda. Verið er að athuga fýsileika þess að skrá náttúrufræðilegar upplýsingar í gagnagrunn Sarps, en til þessa hefur engin samræmd skráning farið fram í landinu á náttúrufræðilegum upplýsingum og gögnum sem hin ýmsu söfn og safnadeildir búa yfir. Mjög brýnt er að tryggja fjármuni til þessarar vinnu.

Virðingarfyllst,

Dr. Hilmar J. Malmquist forstöðumaður.